

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 19. janúar 2023
UST202203-077/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 01.09. 2022 – Arnarlax ehf, Patreksfjörður og Tálknafjörður

Þann 1. september sl. fór fram eftirlit hjá Arnarlaxi ehf., Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávik voru skráð í eftirliti árið 2021. Fyrsta frávik varðar koparlitaðar nætur sem settar voru í sjó án heimildar, heimild tók gildi 4. júní s.l. og hefur frávikinu því verið lokað. **Annað frávik varðar tilkynningaskyldu rekstraraðila en Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu á koparnótum án heimildar. Hefur stofnuninni ekki borist tímasett úrbótaáætlun vegna fráviksins, þannig að frávik telst opið.** Þriðja frávik varðar það að aðskilja þarf gögn og skráningar eftir mismunandi starfsleyfum rekstraraðila eftir besta megni svo hægt sé að sinna eftirliti með starfseminni. Þrátt fyrir að rekstraraðila hefði verið bent á þetta við skil á árinu 2020 voru skráningar ekki aðskildar við skil ársins 2021. Gögn voru aðskilin í umhverfisupplýsingum sem skilað var árið 2022, því hefur frávikinu verið lokað.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varða:

1. 3 mgr. 62. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 4.2 í starfsleyfi. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunarinnar í tölvupósti þann 22. desember s.l. og er frávik þvi lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna opins fráviks frá því árið 2021, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. febrúar 2022.

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur